

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

183. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn **21. júlí 2010 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi Guðmundar St. Sigurðssonar og Valgerðar Valgeirsdóttur.
2. Erindi frá byggðarráði v/ Hvammstangabrautar 28 á Hvammstanga.
3. Málefni Strandgötu 7 á Hvammstanga.

Afgreiðslur:

1. Guðmundur St. Sigurðsson og Valgerður Valgeirsdóttir sækja um leyfi til að byggja pall og tröppur og að stækka opnanleg gluggafög fasteignar sinnar að Brekkugötu 14 á Hvammstanga sbr. teikningu nr. A01 frá Hauki Árnasyni dags. 4/7 2010. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
2. Fram lagt erindi frá byggðarráð þar sem tilkynnt er að samþykkt hafi verið að vísa 1. dagskrárlið fundargerðar skipulags- og umhverfisráðs frá 1. júlí sl. til ráðsins þar sem grenndarkynning hafi ekki farið fram. Byggingarfulltrúi lagði fram upplýsingar um að grenndarkynning hafi farið fram v/ erindis Hermanns Ívarssonar sem lagt var fram á síðasta fundi ráðsins þann 1. júlí sl. Erindi Hermanns var kynnt eigendum fasteigna við Hvammstangabraut 29-31 og Höfðabraut 19 á Hvammstanga sem gera ekki athugasemdir við framkvæmdina. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi Hermanns Ívarssonar með fyrirvara um framlagningu fullnægjandi gagna.
3. Fram lagðar endurskoðaðar teikningar vegna viðbyggingar við fasteignina að Strandgötu 7 á Hvammstanga frá Hauki Árnasyni dags. 14/7 2010, nr. A01, A02, A03. Við byggingu hússins kom í ljós að mæniás viðbyggingar var ekki í sömu hæð og mæniás eldra húss, samanber samþykta teikningu. Byggingafulltrúi og forstöðumaður tæknideildar óskuðu eftir greinargerð frá hönnuðum viðbyggingar vegna þessa misræmis og er hún lögð fram á fundinum. Byggingayfirvöld sveitarfélagsins hafa kynnt nýjar teikningar og greinargerð hönnuða fyrir sömu aðilum og grenndarkynnt var fyrir þ.e. eigendum fasteigna við Strandgötu 6-10 og Klapparstígs 2 á Hvammstanga. Eigendur umræddra fasteigna hafa undirritað yfirlýsingu þess efnis að þeir geri ekki athugasemd við að framkvæmdinni verði fram haldið í samræmi við breytta uppdrætti. Lagt var fram til kynningar bréf Sigurbjargar M. Guðmannsdóttur þar sem hún gerir grein fyrir óánægju sinni vegna þess misræmis sem fram kom og að það hafi ekki komið í ljós fyrr en viðbyggingin var risin. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagðar teikningar og felur sveitarstjóra að koma á framfæri skriflegum athugasemdum við hönnuði og byggingarstjóra viðbyggingar við fasteignina að Strandgötu 7 á Hvammstanga.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Erindi Hauks Stefánssonar lagt fram en þar óskar hann eftir því að breyta skráningu íbúðarhúss að Haugi, matshlutanúmer 03, úr íbúðarhúsi í geymslu. Umrætt hús er byggt árið 1947 og telur eigandi það óíbúðarhæft. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
5. Fram lagt erindi Þorgeirs Jóhannessonar þar sem hann sækir um að rífa skúr á jörð sinni Áslandi, matshlutanúmer 08. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:50

Víglundur Gunnþórsson(sign.),
Guðjón Þórarinn Loftsson(sign.),
Unnsteinn Ó. Andrésson(sign.),
Anna María Elíasdóttir(sign.).

Skúli Þórðarson(sign.),
Benjamín Kristinsson(sign.),
Erla B. Kristinsdóttir(sign.),